

um 29. október 1999 í stað 30. júní þ.á. Álagning tryggingagjalds og framlagning álagningaraskrár vegna tryggingagjalds lögaðila skal þó hafa farið fram eigi síðar en 30. júlí 1999.

Reykjavík, 18. maí 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

11. maí 1999

Nr. 347

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Gaddstaða í Rangárvallahreppi.

Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og 2. mgr. í gr. 6.4. í skipulagsreglugerð, hefur hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 21. apríl 1999 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Gaddstaða í Rangárvallahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis í landi Gaddstaða við Hróarslæk í Rangárvallahreppi sem nánar er tilgreint á uppdrætti og gerir ráð fyrir frístundabyggð (sumarbústöðum á lóðum til uppgræðslu).

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 11. maí 1999.

F.h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps,
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.

25. maí 1999

Nr. 348

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag af lóðum við Ástjörn, Selfossi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar þann 9. desember 1998 samþykkt breytingu á deiliskipulagi tveggja fjölbýlishúsalóða við Ástjörn, Selfossi. Breytingin felur í sér að í stað tveggja fjölbýlishúsalóða komi tvær parhúsalóðir með tveimur íbúðum hvor og ein raðhúsalóð með fjórum íbúðum á tveim hæðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Selfossi, 25. maí 1999.

Bæjarstjóri Árborgar,
Karl Björnsson.